



Skólanefnd kom saman til fundar þriðjudaginn 20. október 2020 kl. 11.00.
Fundurinn var haldinn á Teams.

Dagskrá:

1. Skólahald haustannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
2. Staðan vegna Covid 19
 - Tilhögun kennslu
 - Kostnaður skólans vegna Covid
3. Græn skref, jafnlaunavottun o.fl.
4. Húsnæðismál
5. Fjármál
6. Önnur mál

Afgreiðslur:

Ingileif lýsti ánægju sinni með það að fá að sjá alla skólanefndina.
Gunnsteinn setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kristján áfangastjóri fór yfir nemendatölur, nemendur á haustönn 2020 eru 559. Einnig fór hann yfir skiptingu nemenda eftir brautum, kyni, aldri og búsetu. Umræður urðu um hlutfall nemenda í skólanum af svæðinu. Ingileif skólameistari fór yfir og sagði frá breytingum á starfsmannahaldi skólans nú í haust. Aðalheiður Reynisdóttir er komin aftur úr námsleyfi, Gísli Árnason fór í námsleyfi, nýjir starfsmenn á haustönn eru, Skúli Skúlason, Sindri Snær Pálsson, Hjálmar Björn Guðmundsson, Gunnar Njáll Gunnarsson, Ingibjörg Ösp Jónasardóttir og Guðbjörg Elsa Helgadóttir.
2. Skólameistari sagði frá tilhögun kennslu á Covid tímum, kennsla á starfsbraut, kvikmyndagerð, hestabraut, ípróttum og öll verknámkennsla fer fram samkvæmt stundaskrá, önnur kennsla fer fram á Teams. Mjög mikilvægt er að geta haldið úti námi í verklegum greinum. Fyrirspurn barst um hvort það hefði orðið aukið brottfall í vor, en svo reyndist ekki vera. Námsráðgjafi og félagsráðgjafi hafa nú í haust hringt í nýnema og farið yfir

stöðuna með þeim. Umræður urðu um félagslíf nemenda. Birgitta Björt formaður nemendafélagsins sagði frá hvað nemendafélagið er að gera og hugmyndir hvað hægt er að gera, enþá eru þau að undirbúa menningarkvöld í nóvember. Nokkir nemendur af heimavist eru farnir heim. Skólameistari sagði frá áætluðum kostnaði og tekjutapi vegna Covid-19, en áætlaður kostnaður skólans er 18.710.904 kr. Ráðuneytið kallaði eftir upplýsingum um áætlað tekjutap skólans.

3. Skólameistari sagði frá því að skólinn hafi hlotið jafnlaunavottun gildir hún til ársins 2023, einnig er hafin vinna við að framfylgja, grænum skrefum sem skólanum er gert að ljúka fyrir 1. júní 2021. Skólinn er fyrir löngu síðan byrjaður að vinna að ýmsum breytingum sem falla þar undir. Ingileif sagði frá því að skólinn var í þriðja sæti í Stofnun ársins yfir 50 starfmenn og fleiri og lýsti hún ánægju sinnu með það.
4. Gunnsteinn ræddi um húsnæðismál og gaf orðið laust. Unnur Valborg sagði frá erindi sem barst SSNV frá skólanum um stækkun á húsnæði skólans. Sveitarfélögin á svæðinu tóku jákvætt í erindið. Erindi hefur verið sent til ráðuneytis.
5. Guðrún fjármálastjóri fór yfir fjármál skólans. Fjárlagatillögur skólans vegna 2021, liggja fyrir, þær eru 717,1 m.kr. að frádregnum sértekjum og fjárfestingarframlagi og er það um 15 m.kr. hækkun frá þessu ári. En þessar tölur gætu breyst. Staðan á rekstrinum er nokkuð í jafnvægi eins og hún er fyrstu 9 mánuði ársins.
6. Önnur mál.
Skólanefnd lýsti ánægju sinni og sendir hamingjuóskir til starfsfólks og nemenda með útkomuna í stofnun ársins. Formaður skólanefndar þakkar starfsfólki og nemendum fyrir gott starf á erfiðum tímum. Gunnsteinn formaður þakkar fyrir góða fundarsetu og sleit fundi.



Helga Sigurðardóttir fundarritari

Aðalheiður Reynisdóttir

Ingileif Oddsdóttir

Guðný Axelsdóttir

Unnur Valborg Hilmarisd.

Ásta Pálmadóttir

Guðrún Ottósdóttir

Gunnsteinn Björnsson

Kristján B. Halldórsson

Adolf Berndsen

Birgitta Björt Pétursdóttir